

Matvælastofnun
Austurvegi 64
800 Selfossi

Akureyri 6. júní 2019
UST201805-103/S.R.B.
08.12.01

Tilkynning um ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu á starfsleyfi fyrir landeldi Lindarfisks ehf., Botnum, Meðallandi í Skaftárhreppi

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Lindarfisks ehf. vegna stækkunar landeldis að Botnum.

Stofnunin hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir rekstaraðila til að framleiða allt að 300 tonn á ári af bleikju.


Starfsleyfið byggist á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna.


Ákvörðun Umhverfisstofnunar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Starfsleyfið öðlast gildi við afhendingu Matvælastofnunar til rekstraraðila og gildir starfsleyfið til 6. júní 2035.

Hjálagt er starfsleyfið ásamt greinargerð vegna útgáfu þess. Umhverfisstofnun sendir hér með Matvælastofnun starfsleyfið sbr. 4. gr. a laga nr. 71/2008 um fiskeldi og skal afhent og birt umsækjanda.

Virðingarfyllst


Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur


Agnar Bragi Bragason
teymisstjóri